

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 11.12.2020  
Tilv.: 2011024

**Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um drög að frumvarpi um Fjarskiptastofu, mál nr. 258/2020.**

1. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur birt til umsagnar á samráðsgátt stjórnvalda drög að frumvarpi til laga um Fjarskiptastofu. Í frumvarpinu felst heildarendurskoðun á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, með tilliti til áorðinna og fyrirsjáanlegra breytinga á verkefnum stofnunarinnar.
2. Í skýringum með frumvarpinu segir að á undanförunum misserum hafa verið gerðar miklar breytingar á regluverki á starfssviði Póst- og fjarskiptastofnunar og enn séu framundan frekari breytingar. Sem dæmi um nýlegar lagabreytingar má nefna ný póstlög nr. 98/2019, ný lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða nr. 78/2019, og lög nr. 125/2019 um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraðafjarskiptaneta. Þá eru nú til umfjöllunar á Alþingi frumvarp til nýrra fjarskiptalaga og frumvarp til laga um landslénið.is, sem hvoru tveggja hafa áhrif á starfsumhverfi Póst- og fjarskiptastofnunar. Í ljósi þessara miklu breytinga á starfsumhverfi stofnunarinnar, var það mat samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis að tímabært væri að taka til heildarendurskoðunar lög um stofnunina, með tilliti til áorðinna og fyrirsjáanlegra breytinga á verkefnum stofnunarinnar, en núgildandi lög um Póst- og fjarskiptastofnun eru frá árinu 2003.
3. Er með frumvarpinu ætlunin að einfalda og skýra regluverkið sem gildir um þá stofnun sem fer með eftirlit og stjórnslu á fjarskiptamarkaði. Meginmarkmið þeirra breytinga sem lagðar eru til er að stuðla að því að stofnunin mæti væntingum og þörfum samfélagsins í heimi fjarskipta og netöryggis, með því að gera stofnuninni kleift að styrkja þá þætti stofnunarinnar er snúa að tæknilegum verkefnum. Á næstu árum munu verkefni stofnunarinnar á sviði netöryggismála aukast til muna.
4. Samkeppniseftirlitið vill benda á að í 20. gr. frumvarpsins segir m.a. eftirfarandi: *“Fjarskiptastofa getur í undantekningartilfellum borið úrskurð nefndarinnar undir dómstóla.”* Í frumvarpinu kemur ekki fram hvaða átt er við með undantekningartilfelli í þessu sambandi.
5. Í greinargerð með frumvarpinu um framangreint segir m.a.: *„Þá er lögð til sú breyting frá 3. mgr. 13. gr. að ekki þurfi samþykki ráðherra fyrir málskoti af hálfu Fjarskiptastofu í kjölfar úrskurðar úrskurðarnefndar um fjarskiptamál.“*
6. Í ljósi framangreinds er það skilningur Samkeppniseftirlitsins að þetta mat verði í höndum Fjarskiptastofu og að almennt beri að varast að leggja of þröngan skilning um



undantekningartilfelli að þessu leyti ef á reynir. Er slík framkvæmd í samræmi við sambærilega heimild Samkeppniseftirlitsins sem finna má í 1. mgr. 41. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

7. Að öðru leyti er Samkeppniseftirlitið fylgjandi fyrirliggjandi frumvarpi og leggur til að það verði að óbreyttu að lögum.

Virðingarfyllst,  
Samkeppniseftirlitið

Birgir Óli Einarsson